

Nd.

## 623. Nefndarálit

um frv. til l. um hækkun á aðflutningsgjöldum 1947.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég hef ekki getað orðið sammála meðnefndarmönnum mínum um afgreiðslu þessa frumvarps og geri það að tillögu minni, að það sé fellt.

Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er með frumvarpi þessu unnið að því að hindra hækkun vísitölu og dýrtíðar.

Með þessu frumvarpi er lagður um 30 milljón króna tollur á alþýðu manna, sem að nokkru leyti kemur þegar fram í hækkaðri vísitölu, en að mestu leyti í aukinni dýrtíð, sem alþýða manna fær enga uppbót á í launum sínum, heldur verður til þess beinlínis að rýra líf skjör hennar stórum. Frumvarp þetta stefnir því beinlínis að því að auka dýrtíðina í landinu og gera það eftir á erfiðara og dýrara að bæta úr henni. Jafnframt lýsir það skýrt og ótvíðlegt þeirri stefnu stjórnarinnar að taka tekjurnar í ríkissjóðinn einvörðungu með gífurlegum álögum á alþýðu manna.

Fjármálalega séð er frumvarpið því ekkert úrræði, heldur spillir því beinlínis, að auðið sé að gripa til skynsamlegra úrræða. Og þjóðfélagslega séð er frumvarpið hið ranglátasta, þar sem það leggur byrðarnar á almennings, en engin tilraun gerð til þess að láta gróðastéttir landsins borga.

Mikið af þeim tollahækkunum, sem framkvæmdar yrðu samkvæmt þessu frumvarpi, legðust til að byrja með á nauðsynlegustu atvinnuvegi landsmanna og lentu síðan á alþýðu manna. Þannig mundu t. d. allar byggingarvörur hækka í verði sökum þessara tolla og það síðan koma fram í hækkaðri húsaleigu eða dýrari húsum. Vinnur því þessi hækkun á byggingarefni í þveröfuga átt við þá viðleitni, sem Alþingi hefur áður sett í lagaform, að reyna að lækka byggingarkostnað með því að lækka vexti af lánum til bygginga. — Þannig tekur því ríkissjóður með annarri hendinni það, sem hann er að gefa með hinni, en hækkar dýrtíðina þó um leið. Sama máli gegnir um sjávarútveginn. Það er látið í veðri vaka, að að vissu leyti séu þessar ráðstafanir gerðar til þess að íþyngja ekki sjávarútveginum með álögum, sem mundu stafa af hækkaðri vísitölu. En með þessu frumvarpi eru lagðar álögur á sjávarútveginn, sem allar hækka rekstrarkostnað hans! — Þannig mætti lengi telja.

Frumvarp þetta miðar því beinlínis að því að auka öll þau vandræði, sem ríkisstjórnin segist vilja ráða bót á, og láta alþýðu manna borga kostnaðinn af úrræðaleyfi ríkisstjórnarinnar í hækkuðu vöruverði og rýrðum líf skjörum. Með samþykkt þessa frumvarps væri beinlínis stefnt að hruni og öngþveiti í atvinnulífinu og versnandi lífsafkomu almennings.

Þótt aðaltillaga mín sé, að þetta frumvarp sé fellt, mun ég reyna við þessa umræðu, hvort þess sé nokkur kostur að fá fram nokkrar breytingar á því og legg því fram breytingartillögur á öðru þingskjali.

Alþingi, 11. apríl 1947.

Einar Olgeirsson.

### Fylgiskjal.

#### ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 11. apríl 1947.

Samkvæmt ósk minni hluta fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis um umsögn vora varðandi frumvarp til laga um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947, sem borið er fram af ríkisstjórninni, skal því hér með lýst yfir, að Alþýðusamband Íslands lítur svo á, að nefnt frumvarp sé óskammfeilin árás á launþegastéttir landsins og hafi raunverulega í för með sér, ef samþykkt verður, stórlega aukningu dýrtíðarinnar.

Um leið og sambandið skorar á Alþingi að fella þetta frumvarp, lýsir það því jafnframt yfir, að það mun beita sér fyrir viðeigandi gagnráðstöfunum af hálfu launþegasamtakanna, verði frumvarpið að lögum.

Virðingarfyllst,

f. h. Alþýðusambands Íslands

Jón Rafnsson.

Til minni hluta fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,  
c/o hr. alþm. Einar Olgeirsson.